Alþingi
Erindi nr. Þ 113/864
komudagur 12/3 1991

Foreldrafélag Leikskólans Hálsaborgar,
Hálsaseli 27, 109 Reykjavík

Á Alþingi, 112. löggjafarþingi 1989-1990, voru lögð fram stjórnarfrumvörp um leikskóla og um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bæði þessi frumvörp, með tilliti til skipunar þeirra á dagvistarmálum barna, hefur foreldraráð okkar kynnt sér grannt og fjallað hefur verið um málefnin á almennum fundi foreldra. Þar sem frumvörpin hafa verið lögð fram á ný á yfirstandandi þingi ákváðum við að koma á framfæri við yður afstöðu okkar til þeirra áður en til afgreiðslu þeirra kemur.

Forskólanefndin svokallaða, sem menntamálaráðherra skipaði 25. janúar 1989, samdi frumvarp til laga um leikskóla. Um skipan nefndarinnar, störf hennar og umsögn hennar um frumvarpið, vísast til greinargerðar með frumvarpi nefndarinnar sem fylgir frumvarpinu breyttu, eins og það var lagt fram á Alþingi.

Frumvarp forskólanefndarinnar byggir á *rétti barnsins*, það skapar ramma um nýtt forskólastig og gengur út frá því að börnum sem einstaklingum verði tryggður réttur til jafns aðgangs að því skólastigi. Í frumvarpinu er lögð á sveitarfélögin sú skylda að standa að uppbyggingu leikskóla á næstu tíu árum, þannig að öll börn eigi kost á leikskólavist. Með því væri tryggt að öll börn, alls staðar á landinu sætu við sama borð og hætt yrði að mismuna þeim eftir hjúskaparstöðu foreldra og/eða búsetu þeirra. Þá væri og tryggð samfelld dagvistun barna á einum stað, á leikskóla, þann stundafjölda sem best hentaði hverju barni og fjölskyldu þess.

Auk frumvarpsins til laga um leikskóla samdi forskólanefndin frumvarp til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla. Samkvæmt því frumvarpi skyldi með ákveðnum framlögum frá ríkinu tryggja nauðsynlegt fjármagn til uppbyggingar og rekstrar til að takast mætti á stuttum tíma að tryggja fullnægjandi dagvistarþjónustu fyrir forskólabörn og mæta með því vaxandi þörf.

Í meðförum ríkisstjórnarinnar voru gerðar ákveðnar breytingar á frumvarpi forskólanefndarinnar og það lagt fram með þeim breytingum, að því er okkur virðist, í þeim tilgangi að fella það að fyrrnefndu frumvarpi um félagsþjónustu sveitarfélaga. Við sjáum ekki ástæðu til að rekja breytingarnar hér enda líklegast að yður sé um þær kunnugt ella treystum við því að þér kynnið yður þær vandlega.

***Breytingunum mótmælum við harðlega. Svo og mótmælum við harðlega, hugmyndafræði, markmiðum og skipan frumvarpsins um félagsþjónustu sveitarfélaga á dagvistarmálum barna þar, með því að dagvistarmál verði flutt til Félagsmálaráðuneytisins.***

Mótmæli okkar grundvallast á því að skipan forskólanefndarinnar á dagvistarmálum barna sé þjóðhagsleg nauðsyn. Í okkar þjóðfélagi sem í raun er þannig uppbyggt, ranglega að okkar mati, að ungir foreldrar þurfa báðir að leggja á sig ómælda vinnu utan heimilisins, er nauðsynlegt að foreldrar geti treyst því að börn þeirra á sama tíma njóti bestu mögulegu umönnunar, þroskavænlegs uppeldis og menntunar. Í þeim tilvikum þó að aðeins annað foreldri vinni utan heimilisins viljum, við einnig að barninu sé tryggð leikskóladvöl enda óski foreldri þess, en þá er ekki þörf á jafn langri dagvistun.

***Því lýsum við yfir eindregnum stuðningi við leikskólafrumvarpið eins og það kom frá forskólanefndinni svo og við frumvarpið um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.***

Við sem að þessu bréfi stöndum erum "þverpólitískur hópur", því innan okkar raða má finna kjósendur allra stjórnmálaflokka. Málefni það sem hér er fjallað um lýtur að sameiginlegum hagsmunum okkar og er eitt skref í þá átt að tryggja velferð barna okkar og fjölskyldna og þar með þá hagsmuni sem telja verður ríkasta.

Málefni þetta hlýtið þér að styðja. Bréf þetta er hugsað til að styrkja yður í afstöðu yðar, til að þrýsta á um rétta afgreiðslu málsins. Við munum ekki endilega þrýsta frekar á yður, en við munum fylgjast grannt með meðferð og afgreiðslu yðar og annarra alþingismanna á máli þessu svo og öðrum sem lúta að málum barna og fjölskyldna.

Að lokum óskum við yður og fjölskyldu yðar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Á aðventu 1990*

*Foreldrafélag leikskólans Hálsaborgar*
*Hálsaseli 27*
*109 Reykjavík.*